

Úrskurður nr. 9/2008

Kærður er úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna innflutnings á bifreið sem flutt var tímabundið til landsins. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti endurákvörðun tollstjóra.

Með bréfi, dags. 24. júní 2008, sem barst til nefndarinnar 26. s.m. kærir L. f.h. B úrskurð tollstjóra nr. 21/2008 frá 22. maí 2008, um greiðslu aðflutningsgjalda af bifreið af gerðinni Porsche Carrera GT með fastanúmer ST-133. Bifreiðin kom til landsins með sendingu nr. E DET 09 05 6 DE HAM W123. Bifreiðin var flutt inn af umbj. kæranda sem seldi bifreiðina aðila búsettum í Noregi. Sá aðili fékk tímabundið akstursleyfi fyrir bifreiðina hér á landi og var leyfið veitt frá 19. maí 2006 til 12. ágúst.2006. Þann 30. júní 2006 afturkallaði tollstjóri leyfið. Hann taldi að hvorki skilyrði 4. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 88/2005 né 7. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga hafi verið uppfyllt og gerir innflytjanda að greiða aðflutningsgjöld af bifreiðinni. Kærandi krefst þess aðallega að úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi svo og að fjárhæðir sem teknar hafa verið til lúkningar á meintum vanskilum verði endurgreiddar með dráttarvöxtum.

Um aðdraganda málsins segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra m.a. að þann 9. maí 2006 hafi umbjóðandi kæranda flutt inn bifreið af gerðinni Porsche Carrera GT sem hafi verið forskráð á hans nafn. Kærandi hafi síðan selt S, búsettri í Noregi, bifreiðina. Tollstjóri veitta nefndri S. tímabundið akstursleyfi 19. maí 2006 fyrir bifreiðina í samræmi við a-lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 88/2005. Leyfið var veitt til 12. ágúst 2006. Í kjölfarið var bifreiðin skráð hjá Umferðarstofu samkvæmt reglugerð nr. 269/1993 um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi og var skráningarkerkið 0103.

Þá segir að þann 30.júní 2006 hafi tollstjóri farið fram á það við sýslumanninn á Selfossi að hann tæki bifreiðina af H. en hann hafði þá bifreiðina til umráða, þar sem skilyrði tollalaga fyrir notkuninni væru ekki uppfyllt. Umráðamanni bifreiðarinnar var tilkynnt um ákvörðun tollstjóra og voru skráningarkerkin tekin af bifreiðinni og hún tekin úr notkun.

Þá segir að þann 9. nóvember 2006 hafi aðflutningsskýrsla vegna innflutnings bifreiðarinnar verið móttækin hjá tollstjóra og voru aðflutningsgjöld skuldfærð á kæranda. Bifreiðin hafi verið svo flutt úr landi þann 1. júní 2007 með sendingu nr. E DET 01 06 7 IS REY H027 til Lúxemborgar. Viðtakandi var samkvæmt útflutningsskýrslu S. sem búsett er í Noregi. Þann 14. ágúst 2007 hafi kærandi lagt fram aðflutningsskýrslu fyrir sendingu nr. E DET 09 05 6 DE HAM W123 þar sem fram komi beiddni um endurgreiðslu aðflutningsgjalda. Meðfylgjandi var skrifleg staðfesting tollgæslu á að skoðun vöru og umbúða hafi farið fram 1. júní 2007.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að þann 11. september 2007 hafi verið tekin sú ákvörðun að hafna fram kominni niðurfellingarbeiðni kæranda. Í Tollakerfi var gerð athugasemd við aðflutningsskýrsluna um að skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 760/2000 skuli leggja fram endurgreiðslubeiðni innan eins árs frá komu fars til landsins. Þann 17. desember 2007 sendi B. svo skriflegt erindi til embættisins, þar sem beðið var um niðurfellingu aðflutningsgjalda vegna útflutnings bifreiðarinnar. Með tölvubréfi frá embættinu sem sent var 11. janúar 2008 var kæranda bent á að forsenda þess að niðurfelling aðflutningsgjalda skv. reglugerð 760/2000 gæti farið fram væri sú að um ónotaða vöru væri að ræða. Samkvæmt upplýsingum embættisins hefði varan verið notuð hér á landi og því væri ekki grundvöllur fyrir niðurfellingu aðflutningsgjalda.

Þá segir að lögmaður kæranda hafi sent embættinu bréf dags. 7. febrúar 2008 þar sem óskað var eftir að fyrri afstaða tollstjóra varðandi niðurfellingu aðflutningsgjalda verði endurskoðuð og aðflutningsgjöld felld niður. Litið sé á erindið sem kæru og fellst tollstjóri á að taka hana til meðferðar með vísan til 1. tölul. 1. mgr. 28. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Þá segir að þann 27. febrúar 2008 hafi kærandi sent, að beiðni embættisins, reikning vegna sölu bifreiðarinnar, dags. 1. júní 2007, þar sem fram kemur að kaupandi sé Kaupþing banki í Lúxemborg. Kaupsamningur var samkvæmt upplýsingum frá kæranda ekki gerður. Þann 21. apríl s.l. bað embættið svo um frekari gögn um upprunalega sölu bifreiðarinnar til S. Með tölvupósti dags. 24. apríl s.l. sendi kærandi afrit af reikningi sem er stílaður á S. og frá 10. maí 2006 einnig afrit af kredit-reikning, einnig á nafni S. dags. 1. nóvember 2007. Samkvæmt upplýsingum kæranda var kaupsamningur ekki gerður og engin skrifleg gögn yfir riftun kaupsamningsins.

Þá rekur tollstjóri kröfur kæranda í málinu. Hann segir kæranda byggja kröfu sína á niðurfellingu aðflutningsgjalda skv. ákvæðum 4. og 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga 88/2005. Kærandi telur að túlka beri ákvæðin með hliðsjón af reglugerð nr. 269/1993 um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir og reglugerð nr. 760/2000 um lækkun, niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af vörum vegna endursendingar, galla, tjóns, vöntunar eða endursölu til útlanda. Kærandi bendi á að bifreiðin hafi fengið skráningu samkvæmt reglugerð nr. 269/1993 og verið afhent kaupanda á þeim forsendum, að hana ætti að flytja út til Noregs án tollafgreiðslu hér á landi. Tollyfirvöldum hafi því frá upphafi verið kunnugt um hvaða meðferð bifreiðin sætti og vitað að senda ætti bifreiðina aftur úr landi. Hann telur að reglugerðin heimili ekki kröfu um aðflutningsgjöld við brot á henni, heldur sé eingöngu mælt fyrir um að stöðva skuli notkun bifreiðar þar til hún verður flutt úr landi. Kærandi telji að þegar ákvæði 4. tölul. 7. gr. tollalaga og 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 760/2000 séu lesin saman verði ekki annað séð en að heimilt sé að nýta bifreið með tímabundið akstursleyfi í allt að 12 mánuði áður en hún er flutt úr landi og að beiðni um niðurfellingu skuli afhent innan sex mánaða frá brottför útflutningsfars. Kærandi bendir sérstaklega á að 1. mgr. 6. gr. hafi ekki að geyma ákvæði um að vara skuli vera ónotuð við endursölu til útlanda. Þá vísi kærandi í vinnureglur Umferðarstofu um skilgreiningu á því hvort bifreið fái skráningu sem ný eða notuð. Samkvæmt þeim séu bifreiðar, sem eknar hafa verið minna en 1.000 km, skráðar sem nýjar. Þar sem akstursmælir bifreiðarinnar hafi sýnt 697 km þegar hún var flutt úr landi þá teljist hún ný en ekki notuð. Varðandi það atriði hvenær tollmeðferð bifreiðarinnar hefði átt að vera lokið og tollskjöllum skilað inn þá byggir kærandi á því að líta eigi til þess hvernig innflutningi bifreiðarinnar hafi verið háttað í upphafi. Undir eðlilegum kringumstæðum hefði öll ábyrgð á bifreiðinni hvílt hjá upphaflegum kaupanda hennar en ekki kæranda. Hér sé því um einstakt, afbrigðilegt atvik að ræða, þar sem atburðarásin hafi ekki verið í höndum kæranda. Að lokum byggir kærandi á því að það sé óeðlileg niðurstaða að kæranda beri að greiða aðflutningsgjöld af bifreiðinni þar sem honum hefði ekki borið að gera það ef orðið hefði af kaupnum að fullu eða ef síðari kaupandinn hefði komið til Íslands og keypt bifreiðina.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að í þessu máli sé deilt um hvort heimild sé fyrir því að fella niður eða e.a. endurgreiða aðflutningsgjöld af bifreiðinni ST-133. Kærandi byggir heimild sína til undanþágu aðflutningsgjalda á ákvæðum 4. tölul. og 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, eins og þau séu skilin með hliðsjón af reglugerðum nr. 760/2000 og 269/1993.

Samkvæmt a-lið 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga skal tollur falla niður af bifreiðum til tímabundinnar notkunar hér á landi sem skráðar eru erlendis eða keyptar nýjar og óskráðar hér á landi ef innflytjandi eða eftir atvikum kaupandi hennar hefur eða hefur haft fasta búsetu erlendis, hyggst dvelja hér á landi tímabundið og nota bifreiðina í eigin þágu. Að loknum leyfistíma skal leyfishafi flytja ökutækið aftur úr landi eða greiða af því lögboðin aðflutningsgjöld samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. reglugerðar nr. 160/1990 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að þann 19. maí 2006 hafi tollstjóri veitt leyfi til tímabundnar notkunar á bifreiðinni ST-133 í samræmi við ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga og reglugerð nr. 160/1990. Það ber að athuga að breyting sem gerð var á tollalögum með lögum nr. 146/2006 hafði ekki tekið gildi. Leyfið var síðan afturkallað þann 30. júní 2006, þar sem forsendur leyfisveitingarinnar voru brostnar að mati tollstjóra. Í kjölfarið hafi kaup á bifreiðinni gengið til baka og kærandi lag fram aðflutningsskýrslu vegna bifreiðarinnar sem móttækin var hjá tollstjóra 9. nóvember 2006. Vegna þessa hafi ábyrgð færst á greiðslu aðflutningsgjalda aftur á kæranda sem innflytjanda vörunnar samkvæmt 1. mgr. 127. gr. tollalaga. Rétt kæranda til niðurfellingar eða

endurgreiðslu gjalda sé því ekki hægt að byggja á 4. tölul. 7. gr. tollalaga þar sem skilyrði til tímabundins innflutnings ökutækja voru ekki uppfylltar.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að kærandi haldi því fram að ef aðflutningsgjöldin verði ekki felld niður þá leiði það til óeðlilegrar niðurstöðu þar sem ef kaupandi bifreiðarinnar hefði komið hingað til lands, keypt bifreiðina og flutt hana úr landi með sér hefði hann ekki þurft að greiða aðflutningsgjöld. Þar af leiðandi skorti rök til að mismuna kæranda og kaupendum varðandi stöðu til að fá aðflutningsgjöld felld niður.

Eins og kom fram hér að ofan þá er það niðurstaða tollstjóra, að við það að kaup bifreiðarinnar gengu til baka og með framlagningu aðflutningsskýrslu, hafi ábyrgð á aðflutningsgjöldum færst aftur á kæranda. Kærandi beri því ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda óháð því hverjum bifreiðin sé síðar seld.

Þar sem kærandi getur ekki byggt kröfu sína um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda á 4. tölul. 7. gr. tollalaga verði að líta til annarra reglna um heimild innflytjanda til niðurfellingar og endurgreiðslu gjalda.

Samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga nr. 88/2005 skuli tollur falla niður eða endurgreiðast af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðan seldar ónotaðar til útlanda. Sama gildir um vörugjald af ökutækjum samkvæmt 7. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. og virðisaukaskatt samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1988. Í reglugerð nr. 760/2000 sé að finna nánari ákvæði um undanþáguna í 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga. Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar skal tollstjóri endurgreiða aðflutningsgjöld af vöru sem endurseld sé til útlanda. Skilyrði fyrir endurgreiðslunni sé að sýnt sé fram á með fullnægjandi hætti að varan hafi verið seld til útlanda og að frestur til að leggja fram beiðni um tollmeðferðina og nauðsynleg staðfestingargögn séu sex mánuðir frá brottför útflutningsfars. Auk þess sé vísað til skilyrða í 2. gr. reglugerðarinnar eftir því sem við á. Þau skilyrði séu að lögð sé fram skrifleg staðfesting tollgæslu á að skoðun vöru og umbúða hafi farið fram og skrifleg staðfesting farmflytjanda á útflutningi vörunnar ásamt afriti útflutningsfarmskirteinis. Í 7. gr. reglugerðarinnar er svo kveðið á um að ef óskað sé tollmeðferðar samkvæmt reglugerðinni skuli tollmeðferð fara fram innan eins árs frá komu flutningsfars vöru til landsins.

Það sé skýlaust skilyrði þegar fella skal niður gjöld eða endurgreiða samkvæmt 7. tölul. 1. mgr. tollalaga að varan sé ónotuð þrátt fyrir að skilyrðið sé ekki endurtekið í reglugerð 760/2000. Óumdeilt er að bifreiðinni var ekið hér á landi. Í kæru kemur fram að bifreiðin hafi verið ekin 697 km þegar hún var endurútlutt. Í staðfestingu tollgæslu dags. 1. júní 2006 kemur ekki fram hver staða akstursmælis var við endurútlutning.

Kærandi telur að í þessu máli skuli orðið notað í 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga túlkað með hliðsjón af verklagsreglum Umferðarstofu um nýskráningu nýrra bifreiða. Samkvæmt þeim teljist bifreið ekki notuð ef staða á akstursmæli hennar er undir 1.000 km.

Embættið hafði samband við Umferðarstofu með fyrirspurn um fyrrgreindar verklagsreglur. Með tölvubréfi frá 21. febrúar s.l. bárust þau svör að við nýskráningu bifreiða hér á landi sé farið eftir skráningu erlendis. Það er hins vegar vinnuregla hjá Umferðarstofu að bifreið verði ekki skráð sem ný ef henni hefur verið ekið meira en 1.000 km heldur skráist hún þá þegar sem notuð. Hins vegar sé ekki hægt að gagnálykta sem svo að bifreið sem hefur verið ekið minna en 1.000 km verði ávallt skráð sem ný. Þess utan er hér ekki ákvarðandi hvort um er að ræða nýja bifreið, en greinilegt sé á skráningu hennar frá 19. maí 2006 að hún var skráð sem ný, heldur hvort um sé að ræða ónotaða bifreið. Fyrrgreindar verklagsreglur Umferðarstofu snúi að skráningu bifreiða en ekki hvort hún teljist ónotuð vara í skilningi tollalaga. Af þessu leiði að ekki sé hægt að miða við það, þegar skoðað er hvort bifreið hafi verið notuð hér á landi eða ekki, hvort henni hafi verið ekið meira en 1.000 km.

Tollstjóri segir engan vafa leika á að bifreiðinni var ekið á landinu á meðan hún var á sérstökum leyfisnúmerum. Skilyrði 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga um að varan skuli vera ónotuð sé því ekki uppfyllt og því ekki heimilt að fella niður eða e.a. endurgreiða aðflutningsgjöld af bifreiðinni ST-133.

Þá sé tollmeðferð bifreiðarinnar ekki innan þeirra tímamarka sem sett séu í reglugerð nr. 760/2000. Í reglugerðinni sé kveðið á um tvenns konar tímafresti þegar um endursölu vöru til útlanda er að ræða. Í fyrsta lagi skal tollmeðferð fara fram innan eins árs frá komu flutningsfars vöru til landsins samkvæmt 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Í öðru lagi sé frestur til þess að leggja fram beiðni um tollmeðferðina sex mánuðir frá brottför útflutningsfars samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar.

Bifreiðin sem hér um ræðir var flutt inn með sendingu nr. E DET 09 05 6 DE HAM W123 sem barst til landsins 9. maí 2006. Bifreiðin var flutt út með sendingu E DET 01 06 7 IS REY H027. Brottför útflutningsfars var því 1. júní 2007, þ.e. rúmu ári eftir að sendingin kom til landsins., og eru því frestsskilyrði 7. gr. ekki uppfyllt. Ekki var nægilegt að setja bifreiðina inn á tollsvæði, eins og kærandi heldur fram að hafi verið gert þann 4. maí 2007, sbr. einnig tölvupóst frá starfsmanni Eimskips dags. 5. nóvember 2007. Tollmeðferð skal vera lokið og varan komin úr landi ári eftir komu flutningsfars skv. 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar.

Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. getur tollstjóri fallist á beiðni um tollmeðferð samkvæmt reglugerðinni ef sérstakar ástæður mæli með því. Ákvæðið felur í sér heimild fyrir tollstjóra til þess að veita undanþágu frá frestsskilyrðum en ekki skyldu. Í þessu tilviki sér embættið ekki ástæðu til þess að veita undanþágu frá frestsskilyrði 7. gr.

Með vísan til alls ofangreinds er ljóst að hvorki er uppfyllt skilyrði 7. tölul. 1. mgr. 7. gr. tollalaga um að vara sé ónotuð við endursölu til útlanda né frestsskilyrði 7. gr. reglugerðar nr. 760/2000. Niðurfelling eða e.a. endurgreiðsla aðflutningsgjalda af bifreiðinni ST-133 er því ekki heimil.

Tollstjóri úrskurðar með vísan til þess sem rakið er hér að framan að niðurfellingu eða e.a. endurgreiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðinni Porsche Carrera GT með fastanúmer ST-133 sem kom til landsins með sendingu nr. E DET 09 05 6 DE HAM W123 sé hafnað.

Í kæru umboðsmanns innflytjanda segir m.a. að fram komi í gögnum málsins að tollstjóri hafi veitt S. tímabundna undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðinni ST-133 þann 19. maí 2006. Leyfið var veitt með vísan til reglugerðar 160/1990. Kærandi vekur athygli á að leyfi til aksturs bifreiðarinnar hafi verið veitt í þrjá mánuði enda þótt skýrt sé tekið fram í 1. gr reglugerðar að veita skuli slíkt leyfi einungs í einn mánuð frá komu flutningsfars til landsins, þó er heimilt að framlengja leyfið um allt að þrjá mánuði þó ekki lengur en 12. mánuði. Þá komi jafnframt fram í úrskurði tollstjóra, að ofangreint leyfi hafi verið afturkallað þann 30. júní 2006, án þess að getið sé af hvaða ástæðum það hafi verið gert.

Kærandi segir að með veitingu leyfis til tímabundinnar notkunar bifreiðarinnar hafði bifreiðin í skilningi tollalaga þar með verið tollafgreidd. Eins og getið sé í 4. gr. rgl. 160/1990 þá sé það innflyjandi bifreiðar sem sækja skuli um leyfi til tímabundinnar notkunar hennar og með hliðsjón af leyfisveitingunni og ofangreindu ákvæði rgl. verður innflytjandinn í skilningi tollalaga að teljast vera S., en ekki umbjóðandi kæranda. Með leyfisveitingunni hafi stofnast réttarsamband milli tollyfirvalda og kaupanda bifreiðarinnar, þar sem kaupandinn undirgekkst skilyrði reglugerðarinnar fyrir veitingu leyfisins. Í 3.tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar komi skýrt fram að eitt af þeim skilyrðum leyfisveingar sé að leyfishafi skuli í lok leyfistíma annað hvort flytja ökutækið út á ný eða greiða af því lögboðin aðflutningsgjöld. Með því að afturkalla framangreint leyfi var í raun eingöngu verið að leggja bann við notkun á bifreiðinni, engar aðrar breytingar urðu á skyldum aðila. Því hafi tollstjóra borið að grípa til þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í reglugerðinni en það sé að finna skýr fyrirmæli til tollstjóra um hvað beri að gera í þeim tilvikum þegar forsenda

undanþágu brestur. Skv. 12. gr. rgl. ber tollstjóra annað hvort að taka ökutækið í sína vörslu og selja það á opinberu uppboði til lúknings á aðflutningsgjöldum, enda er lögveð í viðkomandi ökutæki sbr. 15. gr. rgl., eða hlutast til um að ökutækið verði flutt út á kosnað innflytjanda. Af gögnum málsins verði hvergi séð, að til neinna ráðstafana hafi verið gripið af hálfu tollyfirvalda til að ljúka málinu, eftir að umrætt leyfi hafði verið afturkallað þann 30. júní 2006. Á þessu stigi skal ekkert um það rætt hvort þetta tómlæti tollyfirvalda kunni að hafa firrt þau heimild til aðgerða eða ekki.

Þá segir í kærinni að í þessu sambandi vilji kærandi benda á að fullir fjórir mánuðir liðu frá því að leyfi til tímabundinnar notkunar bifreiðarinnar var afturkallað þangað til bifreiðinni var skilað til umbjóðanda hans. Þar sem viðskipti kæranda og kaupanda bifreiðarinnar skipta í raun engu máli gagnvart tollyfirvöldum, sé fyllilega réttmætt að halda því fram, að þegar kærandi leggur inn aðflutningsskýrslu þann 9. nóv. 2006, vegna margumræddrar bifreiðar hafi slíkt verið markleysa. Tilvísun tollstjóra í hinum kærða úrskurði til 127. gr. tollalaga undirstriki það sem að framan sé sagt, enda hafði umrædd bifreið þegar verið tollafgreidd, þar sem kaupandi bifreiðarinnar var innflytjandi hennar og því í ljósi sömu greinar ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda af henni. Síðari samskipti kæranda og kaupanda bifreiðarinnar fá engu um það breytt né heldur skil kæranda á ofangreindri tollskýrslu, enda útilokað, að sama vara verði tollafgreidd tvisvar. Tollyfirvöldum hefði því borið að vísa þeirri tollskýrslu frá.

Þá vill kærandi benda á, að þegar bifreiðin var að endingu flutt út þann 1. júní 2007, var fengið sérstakt leyfi tollyfirvalda til að endurútflytningur gæti farið fram. Bifreiðin var tollafgreidd og heimild veitt til að senda bifreiðina úr landi. Hafi tollstjóri ætlað að krefja um aðflutningsgjöld af bifreiðinni, þar honum í síðasta lagi á tímamarki að upplýsa um þá fyrirætlun sína. Skv. 16. gr. rgl. 160/1990 sé farmflytjendum með öllu bannað að flytja ökutæki sem fengið hafa tímabundið notkunarleyfi úr landi nema fyrir liggja sérstök heimild tollstjóra og staðfesting á því, að engin vanskil séu á opinberum gjöldum vegna viðkomandi ökutækis. Með því að veita samþykki sitt fyrir flutningi ökutækisins úr landi var í raun verið að staðfesta að engin vanhöld væru á aðflutningsgjöldum bifreiðarinnar og þar með lauk því ferli sem hófst, með veitingu leyfisins þann 19. maí 2006. Hvergi í lögunum sé þess getið hver eigi að annast um útflytning bifreiðar að nýju þó svo að leiða megi að því líkur að það skuli vera sami aðili.

Af framanrituðu sé ljóst, að umrædd bifreið var flutt inn til tímabundinnar notkunar af kaupanda hennar og heimild til notkunar bifreiðarinnar var afturkallað þann 30. júní 2006. Bifreiðin var ekki í notkun eftir niðurfellingu leyfisins. Ekki var hafist handa um innheimtu aðflutningsgjalda af bifreiðinni eins og þar að gera, né drög lögð að því að flytja hana úr landi af hálfu tollyfirvalda. Þvert á móti var sérstakt leyfi tollyfirvalda veitt til að flytja bifreiðina aftur úr landi án nokkurra athugasemda um vangreidd aðflutningsgjöld. Með því var tryggingarandlag aðflutningsgjalda bifreiðarinnar farið úr landi. Verði kæranda nú gert að standa skil á aðflutningsgjöldum vegna þessarar bifreiðar, hefur tómlæti tollyfirvalda og athugasemdalaus heimild til útflytningu á bifreiðinni bakað kæranda tjón, sem nemur andvirði hinna umkröfðu aðflutningsgjalda. Af öllu framanskráðu er óumdeilt að kæranda er fyllilega stætt á því að krefjast þess að aðflutningsgjöld verði felld niður af margumræddri bifreið með vísan til 4. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga, sbr. ákvæði rgl. 160/1990.

Þá segir í kærinni að eins og réttilega sé þess getið í hinum kærða úrskurði að 7. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga kveði á um að tollur skuli falla niður eða endurgreiðslur af vörum sem tollafgreiddar hafa verið hingað til lands en eru síðan seldar ónotaðar til útlanda eða í tollfrjálsa verslun o.s.frv. Í 2. mgr. 7. gr. laganna sé ráðherra síðan falið að kveða nánar um skilyrði niðurfellingar með reglugerð.

Óumdeilt sé að um þetta atriði sé sérstaklega fjallað í 6. gr. reglugerðarinnar nr. 760/2000. Af hálfu ráðherra, hafi verið talin sérstök ástæða til að gera greinarmun á því hvort vara er seld inn á tollfrjáls svæði eða til útlanda. Þannig sé í 2. mgr. 6. gr. fjallað sérstaklega um endursölu á tollafgreiddri vöru inn á tollfrjáls svæði. Þar er þess sérstaklega krafist, að varan skuli vera ónotuð og er það fyrsta skilyrðið af fjórum sem krafist er að varan þurfi að uppfylla til að njóta

endurgreiðslu samkvæmt ákvæðinu. Það sé því rangt sem halið er fram í úrskurði tollstjóra að skilyrði 7. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga um að vara skuli vera ónotuð, sé ekki endurtekið í rgl. 760/2000. Þvert á móti er það tekið skýrt fram, en það er einskorðað við vöru sem seld er inn á tollfrjáls svæði, sbr. 2. mgr. 6. gr. rgl. Um vöru sem endurseld er til útlanda gilda ákvæði 1. mgr. 6. gr. rgl. og þar er það hvergi gert að skilyrði að vara sé ónotuð, sé hún endurseld til útlanda.

Engu að síður, varðandi túlkun tollstjóra á því hvenær bifreið telst notuð, þá bendir kærandi á að það er í eðli viðskipta með nýjar bifreiðar að þær séu „notaðar“.

Bifreiðar eru sjaldnast fluttar með sérstöku flutningsfari frá framleiðanda til söluaðila, eins og á við um aðra vöru, heldur er þeim yfirleitt ekið að og frá flutningssvæðum og er þá oft um mislangan veg að fara. Varðandi þá bifreið sem hér er til umfjöllunar sérstaklega má geta þess, að framleiðandi hennar sérprófar allar bifreiðar áður en þær eru afhentar til flutnings. Kílómetrastaða bifreiða er því yfirleitt nokkur, þó þær séu í raun ónotaðar. Það er m.a. af þessari ástæðu, að vinnuregla um 1.000 km stöðu bifreiða hefur verið sett. Því er alls ekki á móti mælt, að bifreiðinni hafi verið ekið, en það á við um allar bifreiðar sem fluttar eru nýjar inn til landsins. Það er því bagaleg réttaróvissa sem skapast, ef mismunandi reglur eiga að gilda á milli opinberra stofnana um það hvenær bifreiðar teljast notaðar og hvenær ekki. Andstætt skýrum og gagnsæjum reglum Umferðarstofu um þetta atriði, hafa engar reglur verið settar um þetta atriði af hálfu tollyfirvalda. Telur kærandi ljóst, að í tilvikum sem þessum beri því að hafa reglur Umferðarstofu um þetta atriði til hliðsjónar. Ef ekki myndi það leiða til þess, að engin bifreið teldist ónotuð ef túlkun tollstjóra um þetta atriði á að standa.

Þá bendir kærandi á, að 1. mgr. 6. gr. rgl. ber með sér sérákvæði um tímamörk fyrir því að beiðast endurgreiðslu eða niðurfellingar aðflutningsgjalda af vöru sem endurseld er til útlanda, þar sem það er sérstaklega tekið fram, að slíka beiðni skuli leggja fram innan 6 mánaða frá brottför útflutningsfarms. Í 1. mgr. 6. gr. rgl. 160/1990 er um sérreglu að ræða, sem telja verður tæmandi um þau skilyrði sem uppfylla verði til að njóta afgreiðslu samkv. þessu ákvæði reglugerðarinnar og gangi frammar almennu ákvæði 7. gr. rgl. um tímamörk. Niðurstöðu tollstjóra um þetta atriði er harðlega mótmælt, enda myndi hún leiða til þess, að jafnvel þó vara væri seld úr landi innan 10 mánaða frá komu til landsins, yrði endurgreiðslu aðflutningsgjalda hafnað ef skýrsla væri lögð fram í lok sex mánaða frestsins sem getið er í 1. mgr. 6. gr. rgl. Kærandi ítrekar fyrri afstöðu sína um hvernig sem á málið er litið, þá eru ákvæði reglugerðarinnar um tímatakörk langt frá því að vera skýr og því ber að beita þeirri túlkun sem er rýmri.

Að lokum bendir kærandi á varðandi tímamörk reglugerðarinnar, að hvergi í tollalögunum er að finna ákvæði sem heimilar að takmarka rétt þeirra, sem endurselja vöru til útlanda, á að krefjast endurgreiðslu aðflutningsgjalda við það tímamark sem getið er í 2. mgr. 7. gr. rgl. Þá sé þess réttlæga getið í hinum kærða úrskurði að í 3. mgr. 7. gr. rgl. 760/2000, sé að finna ákvæði sem heimilar tollstjóra tollmeðferð samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, ef sérstakar ástæður mæla með því. Þegar haft sé í huga, að margnefnd bifreið hafi verið tollafgreidd með undanþágu frá greiðslu aðflutningsgjalda og síðan flutt út aftur, með leyfi og án athugasemda tollyfirvalda um vangaldin aðflutningsgjöld fær kærandi ekki annað sé en að sérstök ástæða sé til að beita þessu ákvæði.

Kærandi krefst þess að úrskurður tollstjóra nr.21/2008 verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir tollstjóra að fella niður aðflutningsgjöld af bifreiðinni ST-133, jafnframt sem tekur hafa verið til lúkningar á meintum vanskilum kæranda á aðflutningsgjöldum kr. 138,798,- þann 17.12.2007, kr. 326,919,- dags. 4.01.2008 og kr. 440,172,- dags. 16.01.08. verði endurgreiddur kæranda með dráttarvöxtum frá ofnagreiðum dagsetningum.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar þann 26. júní 2008. Í svari tollstjóra sem barst nefndinni þann 28.júlí 2008 segir m.a. að framkvæmd á veitingu leyfis til tímabundins innflutnings skv. reglugerð nr. 160/1990 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla sé sú að leyfi séu að öllu jöfnu veitt fyrir þann tíma sem umsækjandi hyggst dvelja á landinu, honum til

hægðarauka, svo fremi sem áætlaður dvalartími er innan leyfilegra marka skv. reglugerð nr. 160/1990. Þá sé í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 269/1993 um sérstaka skráningu bifreiða til notkunar um stundarsakir hér á landi heimild til að ákveða lengri skráningartíma bifreiðar en einn mánuð, eða framlengja hann um allt að þrjú mánuði í senn. Það hafi því verið í fullu samræmi við viðtekna starfsreglu embættisins að veita tímabundið akstursleyfi samkvæmt þeim upplýsingum sem embættinu voru gefnar af S. þegar hún sótti um leyfið þann 19. maí 2006.

Tollstjóri telur að enginn grundvöllur sé til niðurfellingar aðflutningsgjalda skv. 4. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga eins og kærandi fari fram á. Kærandi sé innflytjandi bifreiðarinnar samkvæmt öllum innflutningsgögnum. S. var sem kaupanda nýrrar, forskráðrar bifreiðar hér á landi veitt undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda á þeim grundvelli að hún hafi ætlað að flytja bifreiðina til Noregs. Þegar kaupunum hafi verið rift, samanber upplýsingar frá kæranda, fluttist ábyrgð á bifreiðinni aftur yfir á kæranda. Því ber honum að greiða áfallin aðflutningsgjöld af bifreiðinni. Tollafgreiðsla sú sem gerð var í tengslum við umsókn og veitingu leyfis til tímabundins innflutnings sé ekki fullnaðartollafgreiðsla bifreiðarinnar, heldur var um bráðabirgðatollafgreiðslu að ræða, sem bundin er vissum skilyrðum, sem séu nánar eru skilgreind í reglugerð nr. 160/1990, en skv. 1. tl. 2. mgr. 1. gr. reglugerðar 160/1990 má aðeins innflytjandi sjálfur, maki hans eða launaðir starfsmenn nota ökutækið hér á landi. Leyfi til tímabundins innflutnings bifreiðarinnar var afturkallað þann 30. júní 2006 þar sem grunur lék á að brot á skilyrðum leyfisins lægi fyrir. Þann 25. maí 2006 birtist viðtal við bróður S. H., í Sunnlenska fréttablaðinu þar sem hann sagðist vera eigandi bifreiðarinnar og hafa ekið um á henni bæði til reynslu í Þýskalandi og eins hér heima. Þar sem H. uppfyllir ekki fyrrnefnd skilyrði reglugerðarinnar, þar sem hann er hvorki maki S. né hefur fært fullnægjandi sönnun þess að hann sé launaður starfsmaður hennar, telur tollstjóri skilyrði fyrir leyfinu brostin. Var það afturkallað þann 30. júní 2006. Í kjölfarið var sýslumanninum á Selfossi send beiddni um að taka bifreiðina úr umferð svo fljótt sem verða mátti. Samkvæmt skýrslu sýslumannsins á Selfossi, dags. 6. júlí 2006, fór lögreglan á Selfossi að kvöldi þess dags til H. fjarlægði númeraplötur bifreiðarinnar og tók skýrslu af honum. Aðspurður kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni stöku sinnum en hún væri ekki í reglulegum akstri. Eftir að bifreiðin hafði verið tekin af númerum og úr umferð barst embættinu bréf dags. 10. júlí 2006 frá L., sem H. hafði haft samband við fyrir hönd S., þar sem farið var fram á gögn vegna afturköllunar ofangreinds leyfis. Þann 21. september 2006 barst svo bréf lögmanns þar sem beðið var um frekari frest til skýringa. Frestur var veittur til 26. september 2006. Þann 28. september sendi embættið bréf stílað á S. þar sem farið var fram á að hún flytti ofangreinda bifreið úr landi eða tollafgreiddi hana skv. 12. gr. reglugerðar nr. 160/1990. Til þessa var veittur frestur til 13. október 2006. Í kjölfar bréfsins hafði B. samband við embættið fyrir hönd kæranda og sagði bifreiðina vera komna til farmflytjanda. Embættið hefur ekki fengið aðrar skýringar á endurkomu kæranda í málið en þá að kaupum hafi verið rift. Lagður var fram reikningur fyrir bifreiðinni og síðar kreditreikningur á nafni S. sem sönnun fyrir kaupunum og riftingu þeirra. Að sögn kæranda var enginn kaupsamningur gerður. Þann 9. nóvember lagði kærandi inn aðflutningsskýrslu með beiddni um endurgreiðslu aðflutningsgjalda. Með þessu hafði kærandi aftur tekið upp hlutverk innflytjanda gagnvart tollyfirvöldum og þar með leyst upp það réttarsamband sem myndast hafði milli kaupanda bifreiðarinnar og embættisins. Þar með hefur hann öllum skyldum innflytjanda að gegna gagnvart embætti tollstjórans í Reykjavík og því var engin ástæða til frekari ráðstafana gagnvart S.

Varðandi endurútflytning bifreiðarinnar og kröfur kærandi tengdar þeim segir í greinargerð tollstjóra að þegar bifreiðin hafi verið flutt aftur út þann 1. júní 2007 hafi ekkert sérstakt leyfi embættisins legið fyrir til þess. Stimpill tollgæslunnar á eyðublaði nr. E-14 feli ekki í sér leyfi til útflyttings, heldur var aðeins um að ræða umbeðna staðfestingu þess að þetta ökutæki hafi verið flutt út landi. Þá lá heldur engin ástæða fyrir til þess að sækja þyrfti um sérstakt leyfi tollayfirvalda, þar sem að bifreiðin hafði verið tollafgreidd af kæranda í nóvember árið 2006 og tilfallandi gjöld af bifreiðinni verið skuldfærð.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að ekki sé hægt að fallast á það sjónarmið kæranda að skilyrðið um að vara sé ónotuð falli niður þegar um er að ræða endurútflytning til útlanda vegna endursölu vöru skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 760/2000. Ákvæði 7. tl. 1. mgr. 7. gr. segir skýrt til um að aðflutningsgjöld endurgreiðist aðeins ef að um sé að ræða ónotaða vöru sem flutt er aftur

erlendis. Reglugerð nr. 760/2000 er ætluð til frekari útfærslu á ákvæðum laga, svo að ákvæði tollalaga gilda, þar sem réttarstaða þeirra er hærri en reglugerðarinnar. Þar fyrir utan ber hér að fara að þeirri lögskýringareglu sem segir til um að ákvæði um undanþágu undan skattskyldu beri að túlka þröngt.

Þá sé reglan sú að framleiðendur sérflytja allar bifreiðar frá verksmiðju og til söluaðila. Því sé munur á hvort um sé að ræða minniháttar hreyfingu á ökutæki vegna sérprófana eða flutninga milli staða, sem embættið myndi að sjálfsögðu líta framhjá við mat á því hvort um notaða eða ónotaða bifreið er að ræða, eða hvort um er að ræða persónulega notkun einkaaðila eins og hér um ræðir. Bróðir kaupanda sagði í viðtali við dagblað og eins við skýrslutöku hjá lögreglu að hann hafi ekið bifreiðinni annað slagið. Einnig megi telja líklegt að S. sem eigandi bifreiðarinnar hafi ekið henni meðan hún dvaldi hér á landi. Samkvæmt upplýsingum kæranda og mynd af kílómetramæli bifreiðarinnar, sem lögð var fram hafði bifreiðin verið ekin 697 km þegar hún var flutt úr landi. Því sé greinilegt að bifreiðin sé notuð.

Þá segir að kærandi telji að tímamörk 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 760/2000, sem kveður á um að beiðni um endurgreiðslu skuli leggja fram innan 6 mánaða frá brottför útflutningsfars skuli ganga fram almennu ákvæði 7. gr. reglugerðarinnar um tímamörk, en skv. 2. mgr. hennar skal tollmeðferð skv. reglugerðinni fara fram innan árs frá komu flutningsfars til landsins. Hann telur að niðurstaða úrskurðar embættisins myndi leiða til þess að jafnvel þó vara væri seld úr landi innan 10 mánaða frá komu til landsins, yrði endurgreiðslu aðflutningsgjalda hafnað ef skýrsla væri lögð fram í lok sex mánaða frestsins sem getið er um að ofan. Hann telur ákvæði reglugerðarinnar óskýr og því beri að beita þeirri túlkun sem rýmri er.

Tollstjóri telur í greinargerðinni að tímamörk 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar gangi ekki fram almennu ákvæði 7. gr. reglugerðarinnar, heldur ber að lesa þessar tvær greinar samhliða. Endurútflutningur vöru þarf í öllum þeim tilvikum, sem talin eru upp í reglugerð nr. 760/2000, að fara fram innan árs frá komu flutningsfars vöru til landsins. Tollmeðferð skv. 6. gr. reglugerðarinnar skal svo hins vegar fara fram innan sex mánaða frá brottför flutningsfars þess, sem flytur vöruna erlendis aftur. Því myndi niðurstaða úrskurðar embættisins að sjálfsögðu ekki leiða til þeirrar niðurstöðu sem kærandi lýsir að ofan, þar sem að nægjanlegt er að vara sé send utan innan 12 mánaða frá komu flutningsfars til landsins, og tollmeðferð skal svo fara fram innan sex mánaða frá brottför flutningsfars. Önnur túlkun á ákvæðum reglugerðarinnar sé ekki möguleg.

Tollstjóri telur að ekki séu til staðar ástæður til að heimila tollmeðferð skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 760/2000 eins og farið er fram á af kæranda.

Að lokum segir í greinargerð tollstjóra að ef ríkistollanefnd fallist á aðalkröfu kæranda neitar tollstjóri því að greiða þurfi dráttarvexti af þeim fjárhæðum sem teknar hafa verið til lúkningar aðflutningsgjöldum af ofangreindri bifreið. Í 125. gr. tollalaga sé að finna sérákvæði varðandi vexti. Skv. 2. mgr. 125. gr. tollalaga skal tollstjóri endurgreiða ofgreidd aðflutningsgjöld ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslum ríkissjóðs. Skulu vextir þessir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir á hverjum tíma skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Þetta samrýmist einnig ákvæðum 1. og 2. gr. laga nr. 29/1995 um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Því getur aðeins verið um greiðslu inneignarvaxta að ræða. Að öðru leyti vísast til hins kærða úrskurðar.

Með hliðsjón af öllu framansögðu er þess krafist að hinn kærði úrskurður nr. 21/2008 2007 verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 30. júlí. Í bréfi kæranda sem mótttekið var hjá nefndinni þann 20. ágúst s.l. segir m.a. að í umsögn tollstjóra, sé ábending kæranda um framkvæmd leyfisveitingarinnar gerð að sérstöku umfjöllunarefni og á það bent, að frávík tollstjóra frá ákvæðum 1. mgr. 1. gr. rgl. 160/1990, séu í samræmi við starfsreglur tollstjóra. Kæranda máls þessa sé það fyllilega ljóst, að þetta atvik hefur ekkert gildi fyrir úrlausn þess ágreinings sem uppi er á milli hans og tollstjóra, en bendir á að tollstjóri hafi að því er varðar veitingar leyfis með þessum hætti sett sér reglur sem ekki séu í samræmi við reglugerð.

Þá segir í bréfi kæranda að í umsögn tollstjóra telji hann allan grundvöll til niðurfellingar aðflutningsgjalda af bifreiðinni skorta það að kærandi hafi verið innflytjandi hennar og að við riftun kaupa S. á bifreiðinni hafi ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda flust allur til kæranda þar sem eingöngu hafi verið um bráðabirgða tollafgreiðslu að ræða. Þá leggur tollstjóri fram gögn varðandi stöðvun á notkun bifreiðarinnar og bréf tollstjóra til S. dags. 28. sept. 2006.

Kærandi áréttar að með veitingu leyfis tollstjóra til notkunar bifreiðarinnar hér á landi hafi bifreiðin verið tollafgreidd í skilningi tollalaga, enda þótt greiðslu aðflutningsgjalda hafi verið frestað, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í skilningi tollalaga, hafi innflytjandi verið S. og af framlögðu bréfi tollstjórans í Reykjavík dags. 28. sept. 2006, verði ekki annað ráðið en að hann hafi haft sama skilning. Túlkun tollstjóra á því, að hér hafi verið um bráðabirgða tollafgreiðslu að ræða sé alfarið hafnað. Í tollalögum sé að finna sérákvæði um slíka tollafgreiðslu sbr. 36. gr. tollalaga, en þau ákvæði miði öll að því, að tollur og önnur gjöld séu greidd eftir að heimild til innflutnings vörunnar hafi verið gefin. Hvergi í lögnum sé að finna ákvæði sem kveði á um að tollafgreiða skuli vöru að nýju, ef forsendur fyrir heimild tollstjóra til innflutnings vöru bresta. Þetta styðji enn frekar þau sjónarmið kæranda sem rakin séu í kæru, að einu úrræði tollstjóra við slíkar aðstæður sé að krefja tollskyldan aðila greiðslu aðflutningsgjalda og ganga að viðkomandi vöru til lúkningar tolli eða krefjast þess að varan verði flutt úr landi. Að tollafgreiða vöru upp á nýtt sé því hrein og klár markleysa. Sú túlkun tollstjóra að aðkoma kæranda að málinu hafi leyst upp fyrra réttarsamband milli tollstjóra og kaupanda bifreiðarinnar fái enga stoð í lögum.

Þá segir í umsögn kæranda að í greinargerð tollstjóra sé raktar ástæður þess að leyfi til notkunar á bifreiðinni hafi verið afturkallað og sé vísað til blaðafregnar í Sunnlenska fréttablaðinu því til staðfestingar. Tollstjóri geri að sérstöku umtalsefni að samkvæmt umræddri frétt hafi bróðir S. ekið bifreiðinni. Hins vegar nefni tollstjóri það engu orði, að við yfirheyrslur hjá sýslumanninum á Selfossi, hafi umræddur aðili borið til baka fréttina þar sem hún hafi í verulegum atriðum verið röng og lagt fram undirritaðan og vottfestan samning milli sín og eiganda bifreiðarinnar um að hann væri launaður starfsmaður eiganda sbr. 1. tl. 2. mgr. 1. gr. rgl. 160/1990 og því í fullum rétti til að nota hana. Án þess að það hafi nein áhrif á deilu aðila í þessu máli, verður því ekki séð, að nein forsenda hafi verið til stöðvunar á notkun bifreiðarinnar.

Kærandi segir málflytning tollstjóra þess efnis, að stimpill tollgæslunnar á eyðublað E-14 feli ekki í sér leyfi til útflutnings á bifreiðinni sé með öllu óskiljanlegur. Skv. 16. gr. rgl. 160/1990 er farmflytjanda óheimilt að flytja bifreiðar sem þannig hafa verið tollafreiddar úr landi nema með leyfi tollstjóra. Með því að leggja fyrir tollstjóra umrætt skjal þar sem nákvæmlega sé gerð grein fyrir þeirri bifreið sem fyrirhugað er að flytja úr landi, sé farmflytjandi að uppfylla skyldur sínar skv. greininni. Tollyfirvöld voru fullkomlega upplýst um að til stæði að flytja margnefnda bifreið úr landi. Með afgreiðslu sinni á eyðublaði E-14, séu tollyfirvöld að lýsa því yfir, að fyrirhugaður flutningur bifreiðarinnar sé heimil. Hvernig sem á málið sé litið verði það að teljast vera leyfi, í skilningi margnefndrar 16. gr. rgl. og að synja hafi átt þessa leyfis ef ástæða var til að ætla að vanhöld væru á greiðslu opinberra gjalda af henni á einhvern hátt.

Kærandi fellst ekki á þau sjónarmið sem fram koma hjá tollstjóra að skilyrði tollalaga um að vara skuli vera ónotuð við útflutning falli niður skv. 1. mgr. 6. gr. rgl. 760/2000, þar sem ákvæði 7. tl. 1. mgr. 7. gr. tollalaga sé afgerandi um það að aðflutningsgjöld endurgreiðist aðeins ef um ónotaða vöru sé að ræða. Kærandi bendir á til viðbótar því sem fram kemur í kæru að ef ætlunin hefði verið að sömu skilyrði giltu varðandi endursölu til útlanda og inn á tollfrjálsa forðageymslu hefði ekki verið nein þörf á að skilja milli þessara atriða í reglugerðinni. Þá bendir kærandi á, að það sé rangt sem haldið er fram í umfjöllun tollstjóra að 7. tl. 1. mgr. tollalaga tali skýrt um endurgreiðslu aðflutningsgjalda. Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 7. gr. kemur fram, að toll skuli endurgreiða að uppfylltum skilyrðum greinarinnar.

Tollur skv. lögnum sé skilgreindur sem „gjald sem innheimt er af vöru samkvæmt tollskrá“. Reglugerð 760/2000 taki hins vegar til aðflutningsgjalda sem samkvæmt tollalögum séu skilgreind sem „tollur og aðrir skattar og gjöld sem greiða ber við tollmeðferð vöru“. Deilan standi um skyldu kæranda til að greiða vörugjald af margnefndri bifreið. Vörugjald sé ekki tollur í skilningi tollalaga,

enda leggst það jafnt á innflutning sem innlenda framleiðslu. Um vörugjald gildi auk þess sér lög, lög nr. 97/1987 og um vörugjald af ökutækjum gilda einnig sérlög, nr 29/1993. Í 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. laganna eru tekin af öll tvímæli um það, að vara sem seld sé úr landi, sé ekki gjaldskyld. Enginn fyrirvari sé gerður um ástand vörunnar, hvort hún sé ný eða notuð. Þar sé heldur ekki að finna, nein sérstök fyrirmæli um að takmarka megi frest útflytjanda til að sækja um niðurfellingu eða endurgreiðslu vörugjalds, enda fortakslaust kveðið á um, að vara sem flutt er úr landi myndi ekki gjaldstofn til vörugjalds.

Kærandi telur að ákvæði 2. mgr. 125. gr. tollalaga víki verulega frá almennum reglum um rétt kröfuhafa til dráttarvaxta af skuldum og verður að telja það verulega íþyngjandi í garð annarra en hins opinbera. Því beri að túlka það þröngt. Við lestur ákvæðis 2. mgr. 125. gr. tollalaga sé ljóst, að ákvæðið sé bundið við þau tilvik, að gjaldskylda á tollum eða öðrum opinberum gjöldum sé til staðar. Ekki sé þannig deilt um greiðsluskyldu viðkomandi heldur eingöngu um þá fjárhæð sem viðkomandi skuli gert að greiða. Að mati kæranda, er ekki til að dreifa gjaldskyldu eða skyldu til greiðslu vörugjalds af margnefndri bifreið eins og að framan er rakið sbr. 2. gr. laga 97/1993 af ökutækjum ofl. Hér sé því ekki um oftekin gjöld að ræða, í skilningi laganna, heldur um óheimila gjaldtöku, sem kæranda beri að fá endurgreidda með dráttarvöxtum eins og af hverri annari lögumætri kröfu. Engar forsendur séu því til að taka til greina umrædda kröfu tollstjóra.

Að öllu framangreindu virtu telur kærandi að fella beri úr gildi úrskurð tollstjóra nr. 21/2008 og leggja fyrir hann að fella niður álögð gjöld og endurgreiða þær fjárhæðir sem þegar hafa verið teknar til lúkningar á meintri skuld kæranda með dráttarvöxtum skv. 6. gr. laga 38/2001 frá gjalddaga til greiðsludags, þar á meðal kostnaður sem fallið hefur á innheimtu tollstjóra vegna aðfarar.

Ríkistollanefnd hefur tekið mál þetta fyrir á fundum sínum og kynnt sér öll gögn. Mál þetta snýst um innflutning bifreiðar af gerðinni Porsche Carrera GT með fastanr. ST-133, sem flutt var til landsins í sendingarnúmeri E DET 09 05 6 DE HAM W 123. Skráður innflytjandi var B. **Kæran** snýr að ósk kæranda um endurgreiðslu aðflutningsgjalda af bifreiðinni, en bifreiðin var endurúflutt hinn 1. júní 2007.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að nefnd bifreið var flutt til landsins hinn 9. maí 2006 af kæranda og í hans nafni. Kærandi segist hafa selt S. sem býr í Noregi bifreiðina, og var í framhaldi af því sótt um leyfi til tímabundins aksturs bifreiðarinnar hér á landi. Tollstjóri veitti leyfi til tímabundins aksturs bifreiðarinnar hér á landi skv. 1. gr. rgl. nr. 160/1990 um tímabundinn tollfrjálsan innflutning bifreiða og bifhjóla. Akstursleyfi var veitt til 12. ágúst 2006 eða í þrjá mánuði.

Hinn 30. júní 2006 var aksturleyfi tollstjóra fellt úr gildi, og í framhaldi af því eða nánar tilgreint hinn 7. júlí 2006 voru númeraplötur fjarlægðar af bifreiðinni. Ástæða afturköllunar tollstjóra á akstursleyfi var sú að skv. umfjöllun Sunnlenska fréttablaðsins kom fram að umráðamaður og notandi bifreiðarinnar hér á landi var ekki skráður eigandi. Hinn 9. nóvember 2006 var bifreiðin síðan tollafgreidd hér á landi af kæranda og gjöld skuldfærð á hann. Hinn 1. júní 2007 var bifreiðin flutt úr landi, en þann 4. maí 2007 liggur fyrir að bifreiðin hafi verið komin í vörslu farmflytjanda.

Kærandi hefur gefið þá skýringu að kaup S. á bifreiðinni hafi gengið til baka. Hann hefur í þessu sambandi þó hvorki getað framvísað kaupsamningi né riftun á honum. Bifreiðin er sögð hafa verið seld Kaupþingi Luxemburg, en engin gögn liggja heldur fyrir um það.

Hinn 14. ágúst 2007 óskaði kærandi eftir endurgreiðslu gjalda af bifreiðinni þar sem bifreiðin hafði verið flutt úr landi. Með tölvupósti hinn 11. sept. 2007 hafnaði tollstjóri beiðni kæranda um endurgreiðslu aðflutningsgjalda. Hinn 17. desember 2007 sendi kærandi skriflega beiðni um

endurgreiðslu gjalda. Þessu erindi hafnaði tollstjóri með tölvuskeyti hinn 11. janúar 2008. Tollstjóri rökstuddi synjun sína með því að endurgreiðsla gjalda væri háð því að vara væri ónotuð, en umrædd bifreið teldist notuð í skilningi tollalaga.

Hinn 7. febrúar 2008 sendi lögmaður kæranda tollstjóra bréf um endurgreiðslu gjalda. M.a. heldur lögmaður kæranda því fram að bifreiðin eigi að skoðast sem ónotuð enda hafi Umferðarstofa mótað þá vinnureglu að bifreið teljist því aðeins notuð að hún hafi verið ekin 1000 km eða meira. Umrædd bifreið hafi hins vegar einungis verið ekin 697 km. Með úrskurði dags. 22. maí 2008 hafnaði tollstjóri beiðni lögmanns kæranda um endurgreiðslu. Synjun tollstjóra byggði annars vegar á þeim grundvelli að skilyrði 7. töluliðar 1. mgr. 7. gr. tollalaga um að vara sé ónotuð við endursölu til útlanda hafi ekki verið uppfyllt. Þá telur tollstjóri að frestskilyrði 7. gr. reglugerðar 760/2000 hafi heldur ekki verið til staðar. Tollstjóri tekur sérstaklega fram að ekki væri nægilegt að bifreiðin væri komin inn á tollsvæði innan ársfrestsins. Þá telur tollstjóri ekki skilyrði til að beita ákvæði 3. mgr. 7. gr. rgl. 760/2000, sem heimilar tollstjóra endurgreiðslu gjalda þrátt fyrir að ársfrestur sé liðinn.

Eftir að hafa skoðað málið telur ríkistollanefnd það óumdeilt að veitt hafi verið tímabundið akstursleyfi fyrir bifreiðina og að bifreiðin hafi verið í notkun í um tvo mánuði, þ.e. frá 9. maí 2006 til 7. júlí s.á. Hins vegar er ýmislegt sem bendir til að akstursleyfið hafi verið fengið á röngum forsendum, og telja nefndarmenn það réttilega hafa verið felld úr gildi af tollstjóra. Þannig liggur ekkert fyrir um það að meintur kaupandi bifreiðarinnar hafi notað bifreiðina hér landi. Hvorki hafa verið lögð fram gögn um kaup S. á bifreiðinni né að kaupum hafi verið rift.

Deilt er um það hvort bifreiðin hafi verið notuð eða ónotuð við endurútflytning hennar. Ljóst er að bifreiðinni var ekið hér á landi og því er ómótmælt að aksturmælir bifreiðarinnar sýndi 697 km við endurútflytning. Til að unnt sé að endurgreiða gjöld af endurútflyttri tollafgreiddri vöru er það skilyrði skv. 1. mgr. 7. tl. 7.gr. tollalaga nr. 88/2005, sbr. nánar rgl. nr. 760/2000, að vara sé ónotuð. Að mati ríkistollanefndar getur umrædd bifreið sem fékk tímabundið akstursleyfi hér á landi og var sannanlega ekið á þeim tíma, ekki talist ónotuð. Það er því engin lagaheimild til endurgreiðslu aðflytningsgjalda af bifreiðinni þrátt fyrir endurútflytning hennar.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr. og 1. mgr. 7. tl. 7.gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 21/2008, um höfnun endurgreiðslu aðflytningsgjalda vegna endurútflytninga á bifreið sem flutt var tímabundið til landsins, tollafgreidd og að lokum endurútflytt staðfestur.